

# Skýrsla félagsmálaráðuneytisins

um

57. Alþjóðavinnumálaþingið í Genf

1972



Félagsmálaráðuneytið gaf út

Reykjavík ——— 1973

# Skýrsla félagsmálaráðuneytisins

um 57. Alþjóðavinnumálaþingið í Genf 1972.

mtugasta og sjöunda Alþjóðavinnumálaþingið var háð í Genf í Sviss dagana úni 1972. Hverju aðildarríki Alþjóðavinnuálastofnunarinnar (ILO) er rétt lar skylt að senda fjóra fulltrúa til þessa þings, og skal einn þeirra tilnefndur ði við samtök atvinnurekenda í landinu og annar í samráði við verkalýðs- n. Einnig er heimilt að senda til þings takmarkaðan fjölda sérfræðinga og aðalfulltrúunum til aðstoðar. Aðildarríki Alþjóðavinnuálastofnunarinnar alls 123 að meðöldum þrem ríkjum, sem gerðust aðilar á síðasta þingi.

sátu þetta þing um 1300 manns frá 119 ríkjum þ.á.m. 125 ráðherrar.

gnibal Valdimarsson, félagsmálaráðherra, mætti á þessu þingi, en aðrir full- lands voru Einar Benediktsson, sendiherra, Jón S. Ólafsson, deildarstjóri, Ragnarsson, formaður L.Í.Ú. og Snorri Jónsson, framkvæmdastjóri A.S.Í.

skrá þingsins var svohljóðandi:

Skýrsla framkvæmdastjórans.

Stefnuskrá og fjármál.

Skýrslur um framkvæmd samþykktá og tillagna.

Lágmarksaldur til starfa (fyrri umræða).

Félagsleg áhrif nýrra vinnuhátta í höfnum (fyrri umræða).

Félagslegar og starfslegar afleiðingar sjálfvirkni og annarra tæknilegra framfara (almennar umræður).

Breyting á stofnskrá Alþjóðavinnuálastofnunarinnar.

þessara mála, sem talin eru hér að framan, fjallaði þingið um tillögur til ktana, sem fram komu. Einnig fór fram stjórnarkosning. Þá skal þess getið, keisari heimsótti þingið og flutti þar ræðu.

seti þingsins var kjörinn Veldkamp, fyrrverandi félags- og heilbrigðismála- Hollands.

nar voru nefndir til þess að fjalla um hin einstöku dagskrármál og tóku fulltrúarnir þátt í störfum fjögurra nefnda. Einar Benediktsson átti sæti nanefnd og var Jón S. Ólafsson varamaður hans þar, en var jafnframt í nefnd. Kristján Ragnarsson var í hafnarvinnunefnd og Snorri Jónsson tækninefnd.

hér á eftir gerð stuttlega grein fyrir hinum einstöku þingmálum.

## I. Skýrsla framkvæmdastjóra.

esla framkvæmdastjóra skiptist í tvo hluta. Fjallar annar hlutinn um i stofnunarinnar, en hinn hlutinn um, eitthvert mál, sem ofarlega er á baugi m tíma.

það, sem framkvæmdastjórinn valdi að þessu sinni, nefndi hann „Tækni relsis“. Ræðir hann þar um hin margvíslegu áhrif tæknilegra framfara á

## II. Stefnuskrá og fjármál.

Fyrir nokkrum árum var sá háttur upp tekinn, að semja fjárhagsáætlun fyrir tvö ár í senn. Á þinginu 1971 var gengið frá fjárhagsáætlun fyrir árin 1972 og 1973.

Að undanfögnu hefur stofnunin átt við nokkra fjárhagsörðugleika að etja, einkum vegna þess að ýmis aðildarríki hafa ekki staðið í skilum með framlög sín til hennar. Framlag Bandaríkjanna til ILO hefur um langt skeið numið 25% af samantöldum framlögum aðildarríkjanna. Á miðju ári 1970 stöðvuðu Bandaríkin greiðslur sínar til stofnunarinnar vegna þess, að þau vildu ekki sætta sig við gerðir framkvæmdastjórans, og mun það hafa verið einkum í sambandi við tilnefningu í stöðu aðstoðarframkvæmdastjóra. Nam skuld Bandaríkjanna hinn 20. marz 1972 samtals 11.600.749 dollurum. Vegna þessara örðugleika lagði framkvæmdastjórinn fram tillögu um aukaframlög. Sú tillaga var dregin til baka vegna þess að samningar munu hafa tekizt milli stofnunarinnar og Bandaríkjanna um greiðslur.

Árgjöld aðildarríkja til ILO árið 1973 eru áætluð samtals 34.837.000,- dollarar, þar af ber Íslandi að greiða 0,06% eða 20.902 dollarar.

Í fjármálanefndinni var m.a. mikið rætt um nýbyggingu ILO í Genf, sem unnið hefur verið að í nokkur ár. Hafa framkvæmdir farið mikið fram úr áætlun bæði hvað tíma og kostnað snertir. Samþykkt var að veita heimild til að taka viðbótarlán að fjárhæð allt að 27 millj. svissneskra franka til byggingarframkvæmdanna.

## III. Skýrslur um framkvæmd samþykktar og tillagna.

Alþjóðavinnumálaþingið afgreiðir mál aðallega með tvennum hætti þ. e. með samþykkt (convention) eða tillögu (recommendation).

Samþykkt er ekki bindandi fyrir neitt ríki, nema það hafi fullgilt hana, en þegar fullgilding hefur farið fram er hlutaðeigandi ríki bundið af ákvæðum samþykktarinnar. Í tillögu felast hins vegar aðeins tilmæli eða ábendingar til aðildarríkjanna um að stefna að því að uppfylla þau ákvæði eða reglur, sem í tillögunni felast. Þetta siðarnefnda form er því oft viðhaft, þegar mál er ekki komið á það stig að vænlegt þyki að gera um það bindandi samþykkt. Einnig eru mál stundum afgreidd samtímis með samþykkt og tillögu og hefur þá tillagan að geyma ítarlegri reglur og hærri harkmið en í samþykktinni greinir.

Á hverju þingi er kosin nefnd til þess að athuga skýrslur aðildarríkjanna um það, hvornig þau framfylgja samþykktum og tillögum, sem þau hafa fullgilt eða samþykkt, en áður hafa þessar skýrslur verið athugaðar af sérstakri sérfræðinganefnd.

Samþykktir Alþjóðavinnumálaþingsins eru nú 135 að tölu, og hinn 1. júní 1972 höfðu verið skráðar 3875 fullgildingar á þeim. Alls bærust 1.707 skýrslur um framkvæmd samþykktar þ.e. 85,6% þeirra, sem skila átti, svo að ljóst er, að misbrestur er á því, að ríkin fullnægi skyldu sinni í þessu efni. Þess skal getið, að Ísland hafði sent þær skýrslur, sem því bar.

## IV. Lágmarksaldur til starfa.

Alþjóðavinnumálastofnunin hefur jafnan látið sig miklu skipta vinnu barna og ungmenna. Hefur þingið gert um þetta efni margar samþykktir og tillögur. Sumar þessara samþykktar eru almenns eðlis, aðrar snerta einungis tilteknar starfsgreinar, en allar miða þær að því að koma í veg fyrir, að börnum og ungmönnum sé íþyngt með of mikilli eða erfiðri vinnu, og stuðla að því, að þau geti stundað sitt skólanám með eðlilegum hætti.

Fyrir þetta þing voru lögð drög að samþykkt og tillögu um þetta mál, sem gerð höfðu verið með hliðsjón af svörum ríkisstjórnna við spurningum um þetta efni.

Aformað er að um þetta mál verði gerð alþjóðasamþykkt og einnig tillaga, sem innihaldi ítarlegri ákvæði.

Í hinni væntanlegu samþykkt er svo kveðið á, að ríki þau, sem hana fullgilda, skuli ákveða lágmarksaldur barna í öllum starfsgreinum. Þetta aldursmark má ekki vera lægra en 14 ár, eða miðast við lok skólaskyldu. Í þeim starfsgreinum, sem taldar eru geta verið hættulegar heilbrigði, öryggi eða siðferði unglinga, skal lágmarksaldurinn ekki vera lægri en 18 ár. Veita má undanþágur frá aðalreglunni í einstökum tilvikum að því er tekur til barna, sem náð hafa 12 ára aldri, enda sé um að ræða vinnu, sem ekki er líkleg til að skaða heilsu þeirra eða þroska, né fari í bága við nám þeirra.

Til þess að auðvelda eftirlit með því að ákvæðum samþykktarinnar sé fylgt, skulu atvinnurekendur skrá allt starfsfólk sitt, sem er innan þess aldurs, sem er tveim árum hærri en hinn ákveðni lágmarksaldur.

### V. Félagsleg áhrif nýrra vinnuhátta í höfnum.

Á síðari árum hafa orðið miklar breytingar á vinnuaðferðum við fermingu og affermingu skipa. Þessi störf ganga nú miklu hraðar en áður og krefjast ekki eins mikillar líkamlegrar áreynslu. Einnig þarf nú færri menn en áður við þessi störf. Þessar nýju vinnuaðferðir hafa í för með sér miklar breytingar fyrir hafnarverkamenn. Það var því ákveðið, að á þessu þingi skyldi fjalla um félagslegar afleiðingar þessara breyttu starfshátta, en það var gert eftir sérstökum tilmælum, sem samþykkt voru á fundi um málefni hafnarverkamanna, sem haldinn var í Rotterdam í apríl 1969 að frumkvæði ILO. Þess skal getið, að Alþjóðavinnuálagingsið hefur jafnan látið málefni hafnarverkamanna mjög til sín taka og gert samþykktir um þau.

Lögð voru fram sem umræðugrundvöllur drög, sem Alþjóðavinnuálagingsstofan hafði samið. Ýmsar breytingar voru gerðar á þessum frumdrögum og samþykkt að taka málið fyrir á næsta þingi til endanlegrar afgreiðslu í formi alþjóðasamþykktar, ásamt tillögu henni til uppfyllingar.

Efni hinnar væntanlegu samþykktar, eins og frá henni var gengið nú, er í stuttu máli sem hér segir: Samþykktin skal taka til þeirra manna, sem að staðaldri eru reiðubúnir til hafnarvinnu og treysta aðallega á hana sér til framfæriss. Stefna skal að því að hafnarverkamenn hafi eins stöðuga vinnu og unnt er, og jafnan ætti að tryggja þeim lágmarksvinnu eða lágmarkstekjur. Gera skal skrá yfir hafnarverkamenn og skulu þeir, sem þar eru skráðir, hafa forgang að hafnarvinnu og einnig eru þeir skuldbundnir til að taka slíka vinnu eftir ákveðnum reglum. Skrár þessar skulu endurskoðaðar á vissum fresti og þeim breytt í samræmi við þarfir í einstökum höfnum. Gera skal ráðstafanir til þess að breytingar þær, sem gerðar eru, skerði sem minnst hag verkamannanna. Stuðla skal að samvinnu atvinnurekenda, verkamanna og opinberra aðila til þess að auka vinnuafköst með því að færa sér að fullu í nyt nýjar vinnuaðferðir. Sjá skal um það, að hafnarverkamenn njóti viðeigandi ráðstafana varðandi öryggi, heilbrigði og velferð.

Til viðbótar þessari samþykkt er gert ráð fyrir að gera tillögu um þetta mál, sem felí í sér nánari og ítarlegri ákvæði um þau atriði, sem í samþykktinni greinir.

### VI. Félagslegar og starfslegar afleiðingar sjálfvirkni og annarra tæknilegra framfara.

Á þessu þingi fóru fram almennar umræður um hin margvíslegu áhrif, sem tæknilegar framfarir hafa á hag verkamanna og var gerð ákveðin...



breytinga komi sem jafnast niður á allar stéttir þjóðfélagsins. Einnig er bent á það, að nauðsyn sé, að allar tæknilegar framfarir eða breytingar séu nægilega skipulagðar frá upphafi, til þess að koma í veg fyrir skaðlegar afleiðingar þeirra.

Aðalefni ályktunarinnar skiptist í 6 kafla.

Fjallar fyrsti kaflinn um samvinnu atvinnurekenda, verkamanna og ríkisstjórna. Er hvatt til þess að þessir aðilar stofni samstarfsnefndir til þess að kanna áhrif nýrra tæknilegra starfsaðferða og stuðli, að vernd verkafólks í sambandi við þær, þar sem þess gerist þörf. Þá er og hvatt til þess, að verkafólk og atvinnurekendur hafi með sér sem nánasta samvinnu og samráð um allt það, er hagsmuni beggja aðila varðar og veiti hvorir öðrum upplýsingar, sem þeir geta sér að skaðlausu gefið.

Í öðrum kaflanum ræðir um nauðsyn þess, að allir geti átt kost á arðbærri atvinnu að eigin vali. Þar er hvatt til þess, að ef framleiðni eykst vegna tæknilegra framfara skuli gerðar ráðstafanir til þess að atvinnulífið geti tekið við því fólki, sem við það verður á lausum kili og þeirri fjölgun, sem verður á vinnumarkaðinum. Í þessu sambandi er bent á að athuga styttingu vinnutíma almennt, svo sem með styttingu starfsævinnar, fækkun daglegra eða vikulegra vinnustunda eða lengingu orlofs.

Í þriðja kaflanum ræðir um ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir, að menn missi vinnu. Einnig er þar fjallað um ýmis konar aðstoð og fyrirgreiðslu til þeirra, sem verða að hefja nýtt starf, er þeir hafa misst sína fyrri vinnu vegna tæknilegra breytinga. Eru vinnuveitendur hvattir til þess að láta starfsmenn sína og hlutaðeigandi stjórnvöld vita um það svo fljótt sem unnt er ef fyrirhugaðar eru breytingar, sem líklegar eru til þess að hafa í för með sér að fækka þarf starfslíði, svo að sem lengstur tími gefist til að gera viðeigandi ráðstafanir. Sérstaklega ber að taka tillit til aldraðra og fatlaðra, sem eiga öðrum fremur erfitt með að aðlaga sig nýjum störfum.

Fjórði kafli ályktunarinnar fjallar um aðstoð við þá, sem missa atvinnu sína. Í fyrsta lagi ræðir þar um bætur almanna- og atvinnuleysistrygginga og styrki til endurþjálfunar. Einnig er þar fjallað um vinnumiðlun og ýmsa fyrirgreiðslu við þá, sem lýtja verða búferlum vegna nýs starfs, svo og um þjálfun til nýs starfs og aðstoð við tarfsval.

Fimmthi kaflinn hefur að geyma ábendingar um aðgerðir til að mæta nýjum kröfum í sambandi við atvinnu. Þar er hvatt til þess að ríkisstjórnir og samtök atvinnurekenda og verkamanna hefji samvinnu um það, að aðlaga vinnuaflið hinum hraðfara breytingum á þeim kröfum, sem vinnandi fólk þarf að uppfylla. Í þessu sambandi er sérstaklega bent á nauðsyn þess að fræðsluferfið sé þannig byggt, að það veiti fólki sem bezta möguleika til að velja sér starf við hæfi og tækifæri til frama. Einnig er ætt um nauðsyn almennrar starfsfræðslu og upplýsinga um möguleika til náms og starfa. Þá er rætt um nauðsyn þess að fólk geti átt kost á námskeiðum til þess að fjfja upp þekkingu sína og kynnast nýjungum.

Að síðustu er sjötti kaflinn um öryggis- og heilbrigðisráðstafanir og önnur vinnukilyrði. Þar segir, að eitt af markmiðum bætrrar tækni ætti að vera aukin öryggi og heilbrigði verkamanna, en jafnframt er bent á atriði, sem eiga að stuðla að því að draga úr skaðlegum áhrifum, sem slíkum breytingum kunna að fylgja. Sérstaklega þar þar rætt um nauðsyn þess að setja nægilegar öryggisreglur og endurskoða þær á næfílegum fresti. Einnig að nýr tæknibúnaður sé reyndur á fullnægjandi hátt, og ekki sízt, að starfsfólkinu sé veitt fræðsla um meðferð nýrra tækja og þær hættur, sem þeim geta verið samfara. Þá er minnzt á nauðsyn þess að draga sem mest úr þægindum vegna slaukinnar vaktavinnu, og bent á að draga úr álagi á verkafólk með styttingu vinnutíma og lengingu orlofs.

Í umræddri ályktun er síðan skorað á ríkisstjórnir og samtök vinnuveitenda og verkamanna að framfylgja þeim sjónarmiðum, sem að framan eru lauslega rakin, með lagasetningu eða á annan hátt eftir því sem til þess er tilgjaldlegt.

## VII. Breytingar á stofnskrá Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar.

Á þinginu var gerð breyting á stofnskrá Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar. Er þessi breyting í því fölginn, að fjölgað verður í stjórninni úr 48 fulltrúum í 56, en hlutallið milli hinna þriggja flokka í stjórninni, þ. e. ríkisstjórnarfulltrúa, atvinnurekenda fulltrúa og verkamanna fulltrúa, helst óbreytt. Samkvæmt þessum nýju ákvæðum erða því 28 fulltrúar tilnefndir af ríkisstjórnunum, 14 kosnir af atvinnurekenda fulltrúum á þinginu og jafnmargir kosnir af verkamanna fulltrúunum.

Ríki þau, sem tilnefna fulltrúa í stjórnina, eru í fyrsta lagi þau 10 aðildarríki, sem talin eru mestu iðnaðarríkin, og í öðru lagi 18 ríki, sem til þess eru kjörin af ríkisstjórnarfulltrúunum á Alþjóðavinnuálagþinginu. Kosið er til þriggja ára í senn.

Til þess að umrædd breyting taki endanlega gildi þarf fullgildinguna (ratification) að samþykki (acceptance)  $\frac{2}{3}$  aðildarríkjanna. Ríkisstjórn Íslands samþykkti þessa breytingu á fundi sínum 17. október 1972.

## VIII. Ályktanir.

Samkvæmt 17. gr. þingskapa Alþjóðavinnuálagþingsins er leyfilegt að leggja fram tillögur til þingsályktunar um efni, sem ekki eru á dagskrá, enda hafi þær borizt á ríkisstofnunni 15 dögum fyrir þingsetningu. Jafnan berast fyrir hvert þing fleiri tillögur en unnt er að fjalla um. Þannig hárust þessu þingi 31 tillaga til þingsályktunar, af þeim fækkaði reyndar í 27, þar sem tillögur um sama efni voru í nokkrum tillögum sameinaðar.

Nefnd sú, sem um þessi mál fjallaði, samþykkti að taka eftirtaldar ályktanir til greiðslu:

- 1. Ályktun um framlag ILO til verndar og bóta á umhverfi verkafólks.
- 2. Ályktun um starfssemi ILO á sviði atvinnumála.
- 3. Ályktun um aðbúnað og jafnrétti erlendra verkamanna.
- 4. Ályktun varðandi verkakonur.
- 5. Ályktun varðandi nýlendukúgun, kynþáttamisrétti og brot á réttindum stéttarfélaganna, sem Portugal fremur á Angola, Mosambique og Guineu (Bissau).

Skal hér stuttlega gerð grein fyrir ályktunum þessum eins og þær voru endanlega samþykktar á þinginu.

Í inngangi að ályktuninni um umhverfisvernd er í fyrsta lagi vitnað til þeirrar ályktunar ILO að styðja hverja þá viðleitni, sem miðar að því að vernda líf og vinnu vinnandi fólks í öllum starfsgreinum og sjá því fyrir viðunandi húsnæði og stöðu til að nota fristundir til menntunar og hressingar. Þá eru láttnar í ljós ábyggjvegna sífellt aukinnar hættu fyrir umhverfi mannsins og einnig vegna tíðni vinnusjúkdóma og vinnuslysa. Sérstaklega er vakin athygli á þeim skaðlegu áhrifum, sem tilraunir með kjarnorkuvopn hafa á umhverfið, einkum þær, sem fara fram í lofti. Bent er á, að ILO hafi sérstöku hlutverki að gegna á þessu sviði þar sem hún er einu alþjóðastofnunin þar sem ekki einungis fulltrúar ríkisstjórna eiga fulltrúa, heldur einnig atvinnurekendur og verkafólk.

Í ályktuninni er lýst ánægju yfir því, að Sameinuðu þjóðirnar höfðu boðað til fundar í Stokkhólmi um umhverfismál, en sú ráðstefna stóð yfir dagana 5.-16. október 1972. Því næst er skorað á aðildarríkin að gera ekki tilraunir með kjarnorkuvopn, heldur í lofti, vegna þeirrar mengunarhættu, sem slíkar tilraunir hafa í för með sér á umhverfi þar sem bændur og verkamenn stunda vinnu sína. Skorað er á ríkisstjórtnir, svo og samtök atvinnurekenda og verkamanna, að einbeita sér að því að tryggja umhverfi hins vinnandi manns og hafa með sér samrinnar á milli sín og við

Þá er stjórn stofnunarinnar og framkvæmdastjóra falið að rannsaka nýjar ráð. stafanir varðandi umhverfisvernd fyrir verkafólk og kanna þau vandamál, sem rísa í sambandi við vinnuskilyrði og öryggismál. Að þessari rannsókn eða könnun lokinni er stjórninni falið að setja á dagskrá þingsins síðar öryggi við vinnu, varnir gegn vinnuslysum og önnur atriði varðandi umhverfi verkafólks, með það fyrir augum, að gerð verði alþjóðasamþykkt um þessi mál.

Eins og fram kom hér að framan var haldin ráðstefna um umhverfismál í Stokk-hólmi á sama tíma og þetta þing var í Genf. Var því reynt að hraða afgreiðslu þess-arar ályktunar til þess að unnt yrði að senda hana til Stokkholms áður en þeirri ráðstefnu lyki. Þetta tókst þó ekki vegna þess að í ályktananeftdinni varð talsvert málþóf og skiptar skoðanir um einstakar greinar ályktunarinnar, einkum þá grein, sem fjallar um bann við tilraunum með kjarnorkuvopn. Sætti það ákvæði ákvæðinni andstöðu einstakra ríkja, einkum Frakklands.

2. Í ályktuninni um starfsemi ILO á sviði vinnumála er lögð áherzla á nauðsyn þess að gera kerfisbundna könnun á heildarsamingum svo og lögum og reglugerðum, sem í gildi eru varðandi hinar ýmsu starfsgreinar, og að gefa út reglulega skýrslur um þróun félagslegra aðstæðna. Einnig er því beint til stjórnar ILO að fela framkvæmdastjóranum að gera sitt ítrasta til þess að framkvæmd áætlana stofnunarinnar á sviði vinnumála njóti forgangs og að skipuleggja sem best alla starfsemi ILO á þessu sviði.

3. Ályktun um aðbúnað og jafnrétti erlendra verkamanna miðar að bættum hag verkafólks, sem vinnur utan sins heimalands, en það hefur þótt við brenna að þetta fólk væri misrétti beitt á ýmsan hátt.

Í innganginum að ályktuninni eru raktar ýmsar þær ástæður, sem liggja til þess, að nauðsyn er talin aðgerða í þessu efni. Þar er rætt um ólöglegar ráðningar, svartan markað og aðra fjárplógsstarfsemi, svo sem í sambandi við húsnæðismál. Þá er þess getið, að nokkur ríki hafi þegar gert ráðstafanir til þess að erlent verkafólk öðlist aukið öryggi og aðstoð til þess að njóta sömu réttinda og landsmenn, en í mörgum löndum sé mikilla bóta þörf í þessu efni og því sé bráðra aðgerða þörf.

Þess vegna er lagt fyrir stjórn stofnunarinnar að láta fram fara hið fyrsta könnun á þessum málum og hvatt er til samvinnu opinberra stjórnvalda og samtaka atvinnu-rekenda og verkafólks í þessu efni. Einnig er lagt til, að vandamál erlendra verka-manna verði tekin á dagskrá þingsins sem fyrst, helst árið 1974. Skorað er á allar ríkisstjórnir að tryggja erlendum verkamönnum raunverulegt jafnrétti við innlenda verkamenn, einkum á sviði trygginga og opinberrar aðstoðar, en einnig í sambandi við uppsögn vinnu eða húsnæðis o.fl.

4. Alþjóðavinnuumálastofnunin hefur jafnan látið sig jafnréttismál kvenna skipta. Má í því sambandi minna á Jafnlausasamþykktina frá 1951 og Samþykkt frá 1958 um misrétti í sambandi við atvinnu eða starf. Í ályktun, sem gerð var á þessu þingi um verkakonur segir, að því miður séu enn margir erfiðleikar, sem standa í vegi fyrir því, að konur njóti að fullu jafnréttis við karla í sambandi við atvinnu. Er framkvæmdastjóranum falið að gera áætlanir um aðgerðir, sem miði að því að konur njóti raunverulegs jafnréttis í sambandi við atvinnu bæði hvað snertir kjör og mögu-leika og þá sér í lagi að þær njóti sömu tækifæra til þjálfunar, fái sömu laun og karlar fyrir sömu vinnu og njóti fyrirgreiðslu fyrir fjölskyldu vinnandi foreldra. Einnig er framkvæmdastjóranum falið að endurskoða áður gerða skýrslu um vinn-andi konur í breyttum heimi. Að síðustu er svo lagt til að jafnrétti kvenna verði sett á dagskrá þingsins 1975, en það ár mun helgað baráttunni gegn misrétti gagnvart konum.

5. Að síðustu skal hér getið þeirrar ályktunar, sem mestar deilur og átök urðu um, en í sínu endanlega formi nefnist hún Ályktun um nýlendukúgunarstefnu, kynþátta-mismun og brot á réttindum stéttarfélaga, sem Portúgal fremur á Angola, Mosambique og Guineja (Bissau).



gunni var lagt til, að þingið gerði ályktun um brottrekstur Portugal úr Alþjóðanumálastofnuninni. Flytjendur þessarar tillögu voru verkamannafulltrúar Belgíu Hollands. Hin tillagan fól í sér vitur á Portúgalsstjórn vegna framferðis hennar í sku nýlendunum. Flytjendur þessarar tillögu voru verkamannafulltrúar frá Frakkli, Tékkóslóvakíu, Sovétríkjunum og Ungverjalandi. Þessar tvær tillögu voru samþar og felld niður krafan um brottvikningu Portugal.

Í formála fyrir ályktuninni er fyrst vitnað til ályktana allsherjarþings Sameinþjóðanna, einkum ályktunar frá 10. des. 1971, sem staðfestir á ný rétt þjóðanna ngola, Mozambique og Guineu til sjálfsákvörðunar, skorað er á Portugal að hætta naðarlegri kúgun þessara þjóða, og öll ríki, en þó einkum aðildarríki Atlantshafsdalagsins, hvött til að forðast að láta Portugal í té neins konar aðstoð í nýlenduði þess. Minnt er á, að Sameinuðu þjóðirnar og sérstofnanir þeirra hafa margsinnis dæmt aðskilnaðarstefnu. Þá er vitnað til ályktunar Alþjóðavinnuálagingsins frá 1970 um réttindi stéttarféлага og samband þeirra við almenn mannréttindi, en þar er, að fullkomin réttindi stéttarféлага geti ekki þrífist án sjálfstæðis þjóðar og vinnuálagings frelsis.

Þá segir enn fremur, að framkoma Porúgala í umræddum nýlendum sé hættufríði og öryggi í Afríku, og að stefna sú, sem þeir framfylgja þar, sé í algjörrísi stöðu við þær grundvallarreglur, sem fram koma í samþykktum ILO. Verkamönni þessum löndum sé synjað um frumréttindi svo sem réttinn til að stofna og ganga í félög, halda fundi, kjósa sér fyrirsvarsmenn eða gera verkföll. Portugalska stjórnin vinni að því á kerfisbundinn hátt að flæma Afrikana frá frjósömu landi og enda það hvítum mönnum og búa hinum innfæddu verri kjör að því er tekur skattlagningar, vinnu, starfsþjálfunar, félagslegs öryggis og húsnæðismála.

Að síðustu segir í inngangi að ályktunin, að í þessum löndum, sem sé ósæmiastjórnnað af Portugölum, framfylgi þeir stefnu, sem eins og í Suður-Afríku byggja á því að minni hluta kynþáttur undiroki meiri hluta þjóðarinnar, og þessi kúgun í síðustu sé með sér dauða, skömm, niðurlægingu, afneitun grundvallarmannréttinda og eyðileggingu menningarlegs umhverfis, sem er meginþáttur mannslegs lífs.

Hér að framan hefur verið rakinn inngangur að ályktuninni eða forsendur hennar.

Í sjálfri ályktuninni er svo heitið fullum og raunhæfum stuðningi Alþjóðavinnuálastofnunarinnar við hina löglegu baráttu þjóðanna í Angola, Mozambique og Guineu (Bissau) fyrir sjálfstæði og frelsi, bæði almennu frelsi og stéttarfélagsfrelsi.

Fordæmd eru samfelld brot portugölsku stjórnarinnar á mannréttindum á svæðinu, sem hún stjórnar.

Minnzt er með ánægju ákvörðunar Allsherjarþings Sameinþjóðanna á 26. ágúst þess um að nefnd lönd skyldu eiga fulltrúa í Efnahagsnefnd Afríku.

Aðildarríkin og samtök vinnuveitenda og verkamanna eru hvött til þess að auka þátttöku sína til hjálpar þjóðunum í Angola, Mozambique og Guineu (Bissau) í réttísi baráttu þeirra og að leggja niður hvers konar aðstoð til stjórnar Portugal hvort hún er í formi mannafla eða vörum.

Þá er stjórn ILO falið að leggja fyrir framkvæmdastjórnann að sjá um, að í umræddum löndum, sem Portugal ennþá stjórnar, verði eftir því sem unnt er dreift uppbyggingum um mannfrelsi og stéttarfélagaréttindi, og að leggja fyrir þingið síðar tillögu um aðstoð ILO til þessara landa.

Að síðustu er stjórn ILO svo falið að athuga á hvern hátt því verði bezt við þátttöku þeirra, að fulltrúar frá margnefndum löndum geti tekið þátt í fundum á vegum ILO, og að tryggja þeim þingum, sem haldin er sérstaklega fyrir Afríku.



að efni hennar væri pólitískis eðlis og ætti því ekki heima á vettvangi ILO. Einnig var því haldið fram, að ef ályktun um þetta efni væri gerð, ætti hún að vera almenns eðlis, en ekki beinast gegn einstöku ríki.

Við endanlega afgreiðslu ályktunarinnar á allsherjarþinginu var hún samþykkt með 211 atkvæðum, enginn greiddi atkvæði gegn henni en 84 sátu hjá. Í hópi þeirra, sem sátu hjá við atkvæðagreiðsluna voru flestir atvinnurekendafulltrúar, en einnig fulltrúar nokkurra ríkisstjórna, þ.á.m. Bandaríkjanna, Bretlands og Kanada, Norðurlandafulltrúarnir greiddu atkvæði með ályktuninni, og var samráð og samstaða með stjórnarfulltrúum þessara ríkja um afstöðu til þeirra breytingatillagna, sem fram komu.

Eftir þessi málalok báru fulltrúar Portúgal fram mótmæli sín og lýstu því yfir, að þeir áskildu sér fullan rétt til viðeigandi ráðstafana. Var almennt litið svo á, að vænta mætti þess, að Portúgal segði sig úr ILO af þessum sökum eins og Suður-Afrika gerði á sínum tíma vegna fordæmingar ILO á aðskilnaðarstefnu stjórnar þess ríkis.

### IX. Stjórnarkosning.

Í stjórn ILO eiga nú sæti 48 menn, 24 tilnefndir af ríkisstjórnnum, 12 kosnir af þingfulltrúum atvinnurekenda og 12 kjörnir af þingfulltrúum verkamanna. Væntanlega breytast þessar tölur áður en til næsta stjórnarkjörs kemur sbr. VII. hér að framan. Varamenn eru jafn margir og kosnir á sama hátt og aðalmenn.

Fulltrúar atvinnurekenda og verkamanna í stjórninni eru kjörnir persónulega, en fulltrúar ríkisstjórna eru tilnefndir af ríkisstjórnnum 10 mestu iðnaðarríkjanna og stjórnnum 14 ríkja, sem til þess eru kjörin af ríkisstjórnafulltrúum á þinginu öðrum en fulltrúum hinna fyrrnefndu 10 ríkja.

Þessi 10 ríki eru nú Kanada, Kína, Frakkland, Vestur-Þýzkaland, Indland, Ítalía, Japan, Sovétríkin, Bretland og Bandaríkin. Þau ríki, sem nú voru kjörin eru Argentína, Ástralía, Búlgaría, Dahomey, Gabon, Ghana, Íran, Jamaica, Jordan, Mexíco, Marokko, Panama, Pólland og Uganda.

Finnland var kjörið í varastjórn. Í stjórnina voru kjörnir sænskur atvinnurekendafulltrúi og norskur verkamannafulltrúi.

Meðal fulltrúa Norðurlandanna var full samstaða um stjórnarkjörið.

### Fylgiskjal.

#### Samþykktir Alþjóðavinnuálagings 1919—1972.

1. Samþykkt um takmörkun á vinnutíma í iðnaði við 8 stundir á dag og 48 stundir á viku (1919).
2. Samþykkt um ráðstafanir gegn atvinnuleysi (1919).
3. Samþykkt um vinnu kvenna fyrir og eftir barnsburð (1919).
4. Samþykkt um næturvinnu kvenna (1919).
5. Samþykkt um ákvörðun lágmarksaldurs barna við iðnaðarstörf (1919).
6. Samþykkt um næturvinnu unglinga í iðnaði (1919).
7. Samþykkt um ákvörðun lágmarksaldurs barna við sjómennsku (1920).
8. Samþykkt um bætur fyrir vinnutjón af völdum skipbrots (1920).
9. Samþykkt um ráðningu sjómanna í skiprúm (1920).
10. Samþykkt um lágmarksaldur barna við landbúnaðarstörf (1921).
11. Samþykkt um rétt landbúnaðarfólks til að bindast samtökum og stofna félag (1921).
12. Samþykkt um slysatryggingar landbúnaðarverkafólks (1921).
13. Samþykkt um notkun blýhvítu í málningu (1921).
14. Samþykkt um vikulega hvíldardaga í iðnaði (1921).

- amþykkt um skylduskoðun læknis á börnum og unglingum við sjómennsku (1921).
- amþykkt um slysatryggingu verkamanna (1925).
- amþykkt um bætur til verkamanna vegna atvinnusjúkdóma (1925).
- amþykkt um jafnan rétt innlendra og erlendra verkamanna til slysabóta (1925).
- amþykkt um næturvinnu í brauðgerðarhúsum (1925).
- amþykkt um að gera einfaldara eftirlitið með útflytjendum um borð í skip-  
n (1926).
- amþykkt um skiprúmssamninga sjómanna (1926).
- amþykkt um heimsendingu sjómanna (1926).
- amþykkt um sjúkratryggingu iðnaðarfólks, verzlunarfólks og heimilishjúa  
(1927).
- amþykkt um sjúkratryggingar landbúnaðarverkafólks (1927).
- amþykkt um aðferðir til að ákveða lágmarkslaun (1928).
- amþykkt um að þyngd skulu letruð á þunga hluti, sem fluttir eru með skip-  
n (1929).
- amþykkt um slysavarnir hafnarverkamanna (1929).
- amþykkt um nauðungarvinnu eða skylduvinnu (1930).
- amþykkt um eftirlit með vinnutíma við verzlun og skrifstofustörf (1930).
- amþykkt um takmörkun vinnutíma í kolanámum (1931).
- amþykkt um slysavarnir hafnarverkamanna (endurskoðuð 1932).
- amþykkt um lágmarksaldur barna við önnur störf en iðnað (1932).
- amþykkt um vinnumiðlunarskrifstofur, sem taka greiðslur fyrir störf sín (1933).
- amþykkt um skyldutryggingar fólks, sem vinnur við iðnaðar- eða verzlunar-  
arf, heimavinnu, heimilisstörf o.fl. (1933).
- amþykkt um skylduellitryggingar landbúnaðarverkafólks (1933).
- amþykkt um skylduörorkutryggingar fólks, sem vinnur við iðnaðar- eða  
verzlunarstörf, heimavinnu, heimilisstörf o.fl. (1933).
- amþykkt um skylduörorkutryggingar landbúnaðarverkafólks (1933).
- amþykkt um skyldutryggingar til handa ekkjum og munaðarleysingjum manna,  
sem unnið hafa iðnaðar- eða verzlunarstörf, heimavinnu, heimilisstörf o.fl. (1933)
- amþykkt um skyldutryggingar til handa ekkjum og munaðarleysingjum land-  
búnaðarverkamanna (1933).
- amþykkt um næturvinnu kvenna (endurskoðuð 1934).
- amþykkt um bætur til verkamanna fyrir atvinnusjúkdóma (endurskoðuð 1934).
- amþykkt um vinnutíma í sjálfvirkum rúðuglerverksmiðjum (1934).
- amþykkt um bætur eða styrki til þeirra, sem eru atvinnulausir gegn vilja  
sins (1934).
- amþykkt um vinnu kvenna neðanjarðar í hvers konar námum (1935).
- amþykkt um takmörkun vinnutíma í kolanámum (endurskoðuð 1935).
- amþykkt um fækkun vinnustunda niður í 40 á viku (1935).
- amþykkt um alþjóðlega skipan til viðhalds réttindum til örorku- og ellitrygg-  
inga og trygginga til handa ekkjum og munaðarlausum (1935).
- amþykkt um styttingu vinnutíma í glerflöskuverksmiðjum (1935).
- amþykkt um eftirlit með tilteknum aðferðum við ráðningu verkamanna (1936).
- amþykkt um styttingu vinnutíma í fyrirtækjum hins opinbera (1936).
- amþykkt um árlegt orlof með launum (1936).
- amþykkt um lágmarkskröfur til hæfni skipstjóra og yfirmanna á kaupskip-  
um (1936).
- amþykkt um árlegt orlof með launum fyrir farmenn (1936).
- amþykkt um skyldur útgerðarmanns, er sjómenn veikjast, slasast eða deyja  
(1936).

58. Samþykkt um lágmarksaldur barna við sjómennsku (endurskoðuð 1936).
59. Samþykkt um lágmarksaldur barna í iðnaði (endurskoðuð 1937).
60. Samþykkt um lágmarksaldur barna við önnur störf en iðnað (endurskoðuð 1937).
61. Samþykkt um styttingu vinnutíma í baðmullariðnaðinum (1937).
62. Samþykkt um öryggisreglur í byggingariðnaðinum (1937).
63. Samþykkt um hagskýrslur um laun og vinnutíma í veigamestu greinum náma-  
vinnslu og verksmiðjuíðnaðar, þar á meðal byggingavinnu, svo og landbúnaði  
(1938).
64. Samþykkt um skriflega vinnusamninga innfæddra verkamanna (1939).
65. Samþykkt um refsíákvæði við brotum innfæddra verkamanna á vinnusam-  
ningi (1939).
66. Samþykkt um skráningu, ráðningu og vinnukjör verkafólks, sem flytur milli  
landa í atvinnuleit (1939).
67. Samþykkt um vinnutíma og hvíldartíma við flutninga á landi (1939).
68. Samþykkt um fæði og þjónustu áhafna á skipum (1946).
69. Samþykkt um útgáfu hæfnisskirteina fyrir matsveina á skipum (1946).
70. Samþykkt um félagslegt öryggi sjómanna (1946).
71. Samþykkt um eftirlaun sjómanna (1946).
72. Samþykkt um orlof með launum fyrir farmenn (1946).
73. Samþykkt um læknisskoðun farmanna (1946).
74. Samþykkt um hæfnisvottorð fullgildra háseta (1946).
75. Samþykkt um vistarverur skipverja um borð í skipum (1946).
76. Samþykkt um vinnulaun, vinnutíma og mannafla á skipum (1946).
77. Samþykkt um læknisrannsóknir til ákvörðunar á hæfni barna og unglunga til  
iðnaðarstarfa (1946).
78. Samþykkt um læknisrannsóknir á hæfni barna og unglunga til starfa, sem  
ekki teljast til iðnaðar (1946).
79. Samþykkt um takmörkun á næturvinnu barna og unglunga við störf, sem ekki  
teljast til iðnaðar (1946).
80. Samþykkt um breytingar á framtíðarskipan á þeim framkvæmdastörfum, sem  
í samþykktum gerðum á 28 fyrstu allsherjarþingum Alþjóðavinnuálastofnun-  
arinnar eru falin aðalritara Þjóðabandalagsins svo og um frekari breytingar, er  
leiðir af upplausn Þjóðabandalagsins og breytingum á stjórnarskrá Alþjóða-  
vinnuálastofnunarinnar (1946).
81. Samþykkt um vinnueftirlit í iðnaði og verzlun (1947).
82. Samþykkt um félagsmálapólitik í ósjálfstæðum löndum (1947).
83. Samþykkt um að beita lágmarksákvæðunum um vinnuskilyrði í ósjálfstæðum  
löndum (1947).
84. Samþykkt um félagafrelsi og sættir í vinnudeilum í ósjálfstæðum löndum (1947).
85. Samþykkt um vinnueftirlit í ósjálfstæðum löndum (1947).
86. Samþykkt um hámarkslengd ráðningartíma innfæddra verkamanna (1947).
87. Samþykkt um félagafrelsi og verndun þess (1948).
88. Samþykkt um skipulagningu vinnumiðlunar (1948).
89. Samþykkt um næturvinnu kvenna í iðnaði (endurskoðuð 1948).
90. Samþykkt um næturvinnu ungmenna í iðnaði (endurskoðuð 1948).
91. Samþykkt um orlof með launum fyrir farmenn (endurskoðuð 1949).
92. Samþykkt um vistarverur skipverja um borð í skipum (endurskoðuð 1949).
93. Samþykkt um vinnulaun, vinnutíma og mannafla á skipum (endurskoðuð 1949).
94. Samþykkt um vinnuákvæði í opinberum samningum (1949).
95. Samþykkt um verndun vinnulauna (1949).

98. Samþykkt um beitingu grundvallareglanna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega (1949).
99. Samþykkt um aðferðir til ákvörðunar á lágmarkslaunum við landbúnaðarstörf (1951).
100. Samþykkt um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafn verðmæt störf (1951).
101. Samþykkt um orlof með kaupum í landbúnaði (1952).
102. Samþykkt um lágmark félagslegs öryggis (1952).
103. Samþykkt um mæðravernd (1952).
104. Samþykkt um brot innfæddra verkamanna á vinnusamningi (1955).
105. Samþykkt um afnám nauðungarvinnu (1957).
106. Samþykkt um vikulega hvíldardaga í verzlunum og skrifstofum (1957).
107. Samþykkt um frumbyggja og annað kynþáttafólk eða frumstætt innan sjálfstæðra ríkja, vernd þess og upptöku í yfirþjóðina (1957).
108. Samþykkt um persónuskirteini sjómanna (1958).
109. Samþykkt um vinnulaun, vinnutíma og mannafla á skipum (1958).
110. Samþykkt um vinnuskilyrði verkamanna á plantekrum (1958).
111. Samþykkt um misrétti með tilliti til atvinnu og starfs (1958).
112. Samþykkt um lágmarksaldur fiskimanna (1959).
113. Samþykkt um læknisskoðun fiskimanna (1959).
114. Samþykkt um skiprúmssamninga fiskimanna (1959).
115. Samþykkt um vernd verkamanna fyrir geislun (1960).
116. Samþykkt um breytingu á samþykktum, gerðum á þrjátíu og tveim fyrstu Allsherjarþingum Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar, í því skyni að samræma ákvæðin um skýrslur stjórnar Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar um framkvæmd samþykktu (1961).
117. Samþykkt um grundvallarmarkmið og reglur í félagsmálum (1962).
118. Samþykkt um jafnrétti innlendra og erlendra manna til almannatrygginga (1962).
119. Samþykkt um öryggisbúnað véla (1963).
120. Samþykkt um heilbrigðisráðstafanir í verzlunum og skrifstofum (1946).
121. Samþykkt um bætur vegna slysa við vinnu (1964).
122. Samþykkt um stefnu í atvinnuálagum (1964).
123. Samþykkt um lágmarksaldur við vinnu neðanjarðar í námum (1965).
124. Samþykkt um læknisskoðun ungmenna með tilliti til hæfni til vinnu neðanjarðar í námum (1965).
125. Samþykkt um hæfnisskirteini fiskimanna (1966).
126. Samþykkt um vistarverur í fiskiskipum (1966).
127. Samþykkt um hámarksþyngd þess, sem verkamaður má bera (1967).
128. Samþykkt um elli-, örorku- og eftirlifendabætur (1967).
129. Samþykkt um vinnueftirlit í landbúnaði (1969).
130. Samþykkt um læknishjálp og sjúkrabætur (1969).
131. Samþykkt um ákvörðun lágmarkslauna með sérstöku tilliti til þróunarlanda (1970).
132. Samþykkt um árlegt orlof með launum (endurskoðuð 1970).
133. Samþykkt um vistarverur skipverja (viðbótarákvæði, 1970).
134. Samþykkt um slysavarnir sjómanna (1970).
135. Samþykkt um vernd og aðstöðu trúnaðarmanna verkamanna á vinnustöðum (1971).
136. Samþykkt um varnir gegn eitrunarhættu frá bensíni (1971).

Af samþykktum þeim, sem taldar eru hér að framan, hefur Ísland fullgilt þessar:

1. Samþykkt nr. 2 um ráðstafanir gegn atvinnuleysi.
2. Samþykkt nr. 11 um rétt landbúnaðarfólks til að bindast samtökum og stofna félög.



3. Samþykkt nr. 15 um ákvörðun lágmarksaldurs unglunga við kyndara- og kolamokarastörf.
4. Samþykkt nr. 29 um nauðungarvinnu eða skylduvinnu.
5. Samþykkt nr. 58 um lágmarksaldur barna við sjómennsku.
6. Samþykkt nr. 87 um félagafrelsi og verndun þess.
7. Samþykkt nr. 91 um orlof með launum fyrir farmenn.
8. Samþykkt nr. 98 um beitingu grundvallarreglnanna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega.
9. Samþykkt nr. 100 um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf.
10. Samþykkt nr. 102 um lágmark félagslegs öryggis.
11. Samþykkt nr. 105 um afnám nauðungarvinnu.
12. Samþykkt nr. 108 um persónuskirteini sjómanna.
13. Samþykkt nr. 111 um misrétti með tilliti til atvinnu eða starfs.